

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1252/2002

frá 11. júlí 2002

um bráðabirgðaleyfi fyrir nýju aukefni í fódri

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fódri ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2205/2001 ⁽²⁾, einkum 3. gr. og 9. gr. e,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að heimilt sé að veita leyfi fyrir nýjum aukefnum og nýrri notkun aukefna eftir að umsókn, sem gerð var í samræmi við 4. gr. tilskipunarinnar, hefur verið endurskoðuð.
- 2) Í 1. mgr. 9. gr. e í tilskipuninni er kveðið á um að heimilt sé að veita bráðabirgðaleyfi fyrir nýju aukefni eða nýrri notkun aukefnis ef skilyrðin í b- til e-lið 3. gr. a eru uppfyllt og telja má með réttu, með hliðsjón af fyrirliggjandi niðurstöðum, að efnið hafi einhver þau áhrif sem um getur í a-lið 2. gr. þegar það er notað í fódur. Heimilt er að veita slíkt bráðabirgðaleyfi í allt að fjögur ár ef um er að ræða aukefni sem tilgreind eru í II. hluta viðauka C við tilskipunina.
- 3) Matið á skjölunum, sem lögð voru fram varðandi rotvarnarefnið sem lýst er í viðaukanum við þessa reglugerð, sýnir að það uppfyllir öll skilyrði sem sett eru fram í 3. gr. a í tilskipun 70/524/EBE og því er heimilt að veita bráðabirgðaleyfi fyrir því í fjögur ár.

- 4) Matið á skjölunum sýnir að hægt er að krefjast ákveðinna aðgerða til að vernda starfsmenn fyrir því að komast í snertingu við aukefnin. Slík vernd ætti hins vegar að vera tryggð með beitingu tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum ⁽³⁾.
- 5) Vísindanefndin um fódur hefur sent frá sér jákvætt álit um öryggi rotvarnarefnisins samkvæmt þeim skilyrðum sem er lýst í viðaukanum.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heimilt er að leyfa efnablöndurnar, sem tilheyra flokknum „rotvarnarefni“ og tilgreindar eru í viðaukanum við þessa reglugerð, sem aukefni í fódri samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. júlí 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. EB L 297, 15.11.2001, bls. 3.

⁽³⁾ Stjttíð. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1.

VIÐAUKI

Nr. (eða EB-nr.)	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Lok gildistíma leyfis
					mg/kg heilföðurs			
„Rotvarnarefni								
1	Natriumbensóat 140 g/kg Própiónsýra 370 g/kg Natriumprópiónat 110 g/kg	Samsetning aukefnis Natriumbensóat: 140 g/kg Própiónsýra: 370 g/kg Natriumprópiónat: 110 g/kg Vatn: 380 g/kg Virkt efni Natriumbensóat, C ₇ H ₅ O ₂ Na Própiónsýra, C ₃ H ₆ O ₂ Natriumprópiónat, C ₃ H ₅ O ₂ Na	Svín	—	3 000	22 000	Til rotvarnar á korni með yfir 15% rakainnihald	1.8.2006
			Mjólkurkýr	—	3 000	22 000	Til rotvarnar á korni með yfir 15% rakainnihald	1.8.2006“